

STJÓRNARTÍÐINDI B 82 – 1998

18. september 1998

1787

Nr. 555

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Mosfellsbæ.

1. gr.

Af hundum í Mosfellsbæ skal bæjarsjóður Mosfellsbæjar innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Mosfellsbæ, nr. 332/1998, sbr. 3. gr. hennar.

2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

Skráning kr. 9.000

Skráning eftir útrunninn frest,

sbr. 1. mgr. 2. gr. samþykktar um hundahald kr. 13.000

Bráðabirgðaskráning kr. 2.250

3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Fyrir hvern hund kr. 6.300

Ekki skal innheimta eftirlitsgjald sama ár og hundur er skráður.

4. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu er innifalin í gjaldi samkvæmt 2. og 3. gr.

5. gr.

Við hverja afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald, kr. 11.000. Gjald fyrir fyrstu afhendingu skráðs hunds, þegar eftirlitsgjald og vottorð er í skilum, er þó kr. 5.500.

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu.

6. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 1. október og eindagi 1. desember. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

7. gr.

Eigendur blindra-, leitar og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

Hafi eigandi skráðs hunds lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis er heimilt að veita afslátt af gjöldum samkvæmt 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar skv. nánari reglum sem bæjarstjórn setur. Bæjarstjórn getur enn fremur sett reglur um slík afsláttarkjör fyrir hundaeigendur sem hafa í hvívetna fullnægt ákvæðum samþykktar um hundahald í ákveðinn árafjölda eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar.

8. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Mosfellsbæjar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 18. september 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Kristín Árnadóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á skipulagi á Búrfellslínu 3A í Skeiðahreppi.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur verið auglýst breyting á skipulagi Búrfellslínu 3A í Skeiðahreppi.

Skipulagsbreytingin felur í sér eftirfarandi:

a.

Legu línunnar frá Framneslandi að landi Reykhóls hliðrast 100 m norðar en gert var ráð fyrir í skipulagi þannig að legu hennar verður 50 m norðan við Búrfellslínu 1 í stað þess að vera 50 m sunnan hennar.

b.

Vegna staðfestrar breytingar á skipulagi línunnar í Gnúpverjahreppi færast austasti hluti línunnar í Skeiðahreppi um 420 m til norðurs við Sandlæk en kemur inn á línuleiðina, sbr. lið a hér að ofan, um 500 m vestan við Skálholtsveg og liggur síðan 50 m norðan Búrfellslínu 1.

Ofangreind afgreiðsla sveitarstjórnar Skeiðahrepps staðfestist hér með samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Umhverfissráðuneytinu, 18. september 1998.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.